

**Ed.**

**595. Breytingartillögur**

[159. mál]

við frv. til l. um skólakostnað.

Frá minni hl. menntamálanefndar (PÞ, KK).

1. Við 5. gr. 1. málsg. orðist svo:

Menntamálaráðuneytið skal sjá um eftirlit með undirbúningi skólamannvirkja, endurskoðun reikninga, kostnaðaráætlanir, útboðs- og vinnulýsingar, láta líta eftir, að framkvæmd verksins sé í samræmi við teikningar og útboðs- og vinnulýsingar, sjá um úttekt að verki loknu o. s. frv.

2. Við 6. gr. Aftan við 1. mgr. bætist: og telst þetta til stofnkostnaðar.

3. Við 7. gr.

- a. Í stað 1. og 2. málsg. komi:

Ríkissjóður greiðir 50% stofnkostnaðar fullbúins kennslurýmis þeirra skóla, er lög þessi taka til, og 100% stofnkostnaðar fullbúins heimavistar- rýmis. Með heimavistarrými telst m. a. skólastjóra- og kennaraíbúðir. Ríkissjóður greiðir 75% stofnkostnaðar skólastjóraíbúðar heimangöngubarnaskóla, þar sem nauðsyn krefur slíkra bygginga.

- b. Síðasta mgr. orðist svo:

Hlutaðeigandi sveitarsjóðir greiði þann hluta stofnkostnaðar, sem ríkissjóður greiðir ekki.

4. Við 8. gr. Greinin falli niður.

5. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Leikfimiðhús, sundlaugar, opnar eða yfirbyggðar, og leiksvæði skóla njóti greiðslu úr ríkissjóði til stofnkostnaðar sem kennslurými. Um stærðir þessara mannvirkja og tæki til þeirra skal kveða á í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur.

Heimilt er ríkissjóði að greiða stofnkostnað íþróttahúsa, félagsheimila, sundlauga, opinna eða yfirbyggðra, og íþróttasvæða, sem bæjar- og sveitarfélög hyggjast reisa ein eða í samvinnu við ungmenna- og íþróttafélög eða samtök þeirra, á sama hátt og stofnkostnað kennslurýmis í skólum, miðað við nýtingu þeirra vegna skólahalds.

Áður en framkvæmdir hefjast, skal ráðuneytið gera samning við eigendur þeirra mannvirkja, er undir lög þessi falla, að hve stórum hundraðshluta aðild viðkomandi skóla verði, svo og um sameiginlegan rekstur og afnot.

Dátttaka ríkissjóðs í stofnkostnaði íþróttamannvirkja skv. lögum þessum er háð því, að fylgt hafi verið ákvæðum 6. gr. þessara laga um undirbúning og 9. gr. um, hvenær hefja megi framkvæmdir, svo og að mótfamlag sveitarfélaga sé greitt, sbr. 15. gr., áður en framlag ríkissjóðs er greitt. Sá hluti íþróttamannvirkis, sem byggður er samkvæmt lögum þessum, nýtur ekki styrks úr íþróttasjóði eða félagsheimilasjóði.

6. Við 13. gr. Fyrri málsl. orðist svo:

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að fresta greiðslu fjárveitinga að einhverju eða öllu leyti, ef fjárveitingar til skólamannvirkis nægja ekki til greiðslu  $\frac{1}{3}$  hluta áætlaðs stofnkostnaðar.

7. Við 14. gr. Síðasta mgr. orðist svo:

Greiðsla á framlagi ríkissjóðs hverju sinni er háð því, að tryggt sé, að framlag viðkomandi sveitarsjóða sé handbært, þegar á þarf að halda.

8. Við 15. gr. Síðari mgr. orðist svo:

Andvirði skólabifreiða greiðir ríkissjóður, ef með því sparast heimavistar-rými, að mati ráðuneytisins.

9. Við 19. gr.

- a. 3. málsgr. orðist svo:

Nú kemur í ljós, að reiknaðar stundir eru ekki nægjanlegar, að dómi ráðuneytisins, til að fullnægja námsskrá og þörfum hvers einstaks skóla fyrir nauðsynlega starfskrafta, miðað við starfstíma skóla, nemendafjölda, vixl-kennslu og störf þau, sem nauðsynleg eru á þessu sviði, og skal þá fjölga reiknuðum stundum svo, að þessu marki verði náð.

- b. 4. mgr. falli niður.

- c. 7. mgr. falli niður.

10. Við 20. gr. Greinin orðist svo:

Ríkissjóður greiðir eftir á, samkv. endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum, viðhaldskostnað húsa, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar og húsaleigu í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur. Flutningskostnað nemenda, þegar við það sparast heimavist, bygging skólamannvirkja eða hagkvæmt þykir af öðrum ástæðum, greiðir ríkissjóður að fullu. Heilbrigðisþjónustu í öllum skólaflokkum greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarsjóði.

Ríkissjóður greiðir allan rekstrarkostnað í þeim skólum, sem eru eign ríkisins.

11. Við 22. gr. Fyrri mgr. orðist svo:

Sveitarfélög greiða að hálfu á móti ríkissjóði hitun, rafmagnsnotkun, húsvörzlu og vátryggingargjöld skólamannvirkja. Þó greiðir ríkissjóður að  $\frac{3}{4}$  hitunarkostnað í heimavistarskólum, þar sem ekki nýtur jarðhita. Allan annan rekstrarkostnað, sem ekki er sérstaklega nefndur, greiða sveitarfélög að fullu.

12. Við 23. gr. Síðasta mgr. orðist svo: Heimavistargjöld vegna húsnæðis skulu nemendur ekki greiða.

13. Við 24. gr. 1. málsgr. orðist þannig:

Skólar gagnfræðastigsins og húsmæðraskólar eru eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur. Ákvæði þetta gildir ekki um framkvæmdir samkvæmt 12. gr.